

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 21. janúar 1982 um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætist:

Tollskrárn.	Vöruheiti
36.05.00	Neyðarblys til staðsetningar í flugvélum
37.05.01	Varahlutalistar á örfilmum (Microfilm Cartridges).

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., sbr. 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og ákvæði laga nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1982.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.

1. gr.

Fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti kr. 6,00.
2. taxti kr. 35,00.

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxta greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svara til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannaþrygginga, auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem upphæðir þessar eru í þeim mánuði, sem heimilisþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur, skal hann greiða eftir 2. taxta. Hjón og sambýlisfólk er nota heimilisþjónustu greiði eftir 1. taxta, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1.5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxta ella.

3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef umsókn þar að lútandi berst ráðinu og aðstæður krefja.

4. gr.

Breytingar á gjaldstiga þessum skulu ákveðnar af félagsmálaráði Akureyrar, en staðfestar af bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

5. gr.

Heimilisþjónusta, sem innt er af hendi eftir 1. nóvember 1981, skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

17. febrúar 1982.

Nr. 65.

A U G L Ý S I N G

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur.

Skipulagsstjórn staðfesti þann 23. september 1981 þá breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur að svæðið við Vesturbraut, sem takmarkast af Gróf að norðan, Vesturbraut að sunnan og iðnaðarsvæði (Slippnum o.fl.) að austan, sem ætlað er fyrir iðnað og tengibraut í framhaldi af Hafnargötu út á Berg og inn á Sandgerðisbraut, stækki í átt að Grófinni og tengibrautin verði færð yfir á Vesturbraut. Ennfremur er gert ráð fyrir að ein verslun geti verið á svæðinu.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

17. febrúar 1982.

Nr. 66.

A U G L Ý S I N G

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss.

Skipulagsstjórn ríkisins staðfesti þann 27. janúar 1982 þá breytingu á aðalskipulagi Selfoss að spildan sem er austan nýju sjúkrahúsbyggingarinnar við Árveg og ætluð er fyrir stofnanir er stækkuð.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.